

**233** ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður að ósk eiganda að takast ferð á 30. des. hendur vegna slíkrar umsagnar, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

4. gr.

Fyrirtæki þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 34 12. marz 1941, fyrir eftirlit með verk-smiðjum og vélum.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1952.*

**Björn Ólafsson.**

*Páll Pálmason.*

**234**

30. des.

## AUGLÝSING

**um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.**

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (II) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1952.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**235**

30. des.

## AUGLÝSING

**um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.**

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 91 15. des. 1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1953 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1952.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*